



KÖKUBASAR

Foreldrafélagið í Álfaborg verður með kökubasar á skírdag á milli kl. 11 og 13 eða á meðan birgðir endast.

Er ekki tilvalið að kíkja í heimsókn í leikskólann og kaupa sér dýrindis köku fyrir páskana?

Hlökkum til að sjá ykkur.

NÆSTU RUSLADAGAR

- 14. apríl - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
 - 28. apríl - Almenn/lífrænt sorp
 - 12. maí - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
-

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 18. maí.

Skil á efni er til kl. 15:00 mánudaginn 16. maí.

Sendist á sandra.einars@gmail.com.

VÍKINGAÖLDIN

Nemendur í 5. og 6. bekk hafa undanfarið verið að vinna í þema um víkingaöldina 800-1050 og það hvernig fólk bjó á þeim tíma. Unnið var með viðfangsefni; húsakostur og daglegt líf, stétt og staða fólks, gerð skipa og skipakostur, merkilegir atburðir sem gerðust á tímabilinu og ásatrú. Hver nemandi valdi sér viðfangsefni til að vinna með og valdi svo með hvaða hætti úrvinnslan yrði. Verkefni voru mjög fjölbreytt og ólík og má þar nefna tímalínu, glærुकyningar, dúkkulísugerð og húsa- og skipagerð úr pappa. Það var skemmtilegt að sjá hvað allir voru áhugasamir og höfðu metnað fyrir því að vinna verkefni sín vel. Hér má sjá nokkrar nokkrar myndir af afrakstrinum.

Kveðja, frá 5. og 6. bekk

